



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 16. júlí 2020
USK2020070061

Borgarráð

Umferðarljós 2020.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út í samstarfi við Vegagerðina kaup á búnaði til endurnýjunar á umferðarljósum 2020.

Um er að ræða búnað á 11 gatnamótum. Þar af eru 5 alfarið í eigu Reykjavíkurborgar en 6 eru í sameiginlegri eigu Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

Kostnaðarstaður: 3102

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Minnisblað samgöngustjóra
- Minnisblað. Áætlaður kostnaður. Trúnaðarmál.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Innkaupaskrifstofa; Borgarlögmaður

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Efni: Nauðsynleg innkaup á umferðarljósum.

Þann 11. október 2019 var útboð nr. 14356, rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa, auglýst. Þann 5. desember 2019, tók Reykjavíkurborg ákvörðun um að fella niður útboðið og hafna öllum tilboðum. Tvær kærur bárust vegna útboðsins, önnur dags. 27. desember 2019, sem lokið var með úrskurði þann 8. apríl sl., og hin dags. 27. nóvember 2019, sem enn er til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála.

Samkvæmt áætlun skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, liggur fyrir að nauðsynlegt er að endurnýja búnað umferðarljósa á ellefu gatnamótum á þessu ári. Um er að ræða búnað sem er um 25 ára gamall, getur ekki tengst miðlægri stýritölvu umferðarljósa og mjög erfitt er að halda við vegna skorts á varahlutum. Til viðbótar kemur að vegna aldurs hugbúnaðar, sem virkar ekki lengur á núverandi tölvubúnað, er ekki hægt að framkvæma nauðsynlegar öryggisbreytingar á ljósaprógrömmum stýrikassa umferðarljósa sem nefnd eru fyrir neðan.

Að mati skrifstofunnar er brýnt að fara sem fyrst í útboð á þessum búnaði í samstarfi við Vegagerðina, svo hægt sé að skipta yfir í nýrri búnað áður en þekking á viðhaldi hins úrelta búnaðar glatast. Fyrirséð er, að ef beðið verði eftir niðurstöðu í því kærumáli sem nú er til meðferðar og væntanlegu endurútboði rammasamnings í kjölfarið, náist ekki að endurnýja umræddan búnað í samræmi við áætlanir ársins en endurnýjun að sambærilegu umfangi er einnig fyrirhuguð á næsta ári.

Helmingur gatnamótanna sem um ræðir er alfarið í eigu Reykjavíkurborgar en önnur eru í sameiginlegri eigu Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

Reykjavíkurborg

Nóatún – Skipholt
Barónsstígur – Eiríksgata
Stekkjarbakki – Álfabakki
Háaleitisbraut – Listabraut
Réttarholtsvegur – Sogavegur

Reykjavíkurborg og Vegagerðin

Hringbraut – Bræðraborgarstígur
Hringbraut – Framnesvegur
Hringbraut – Hofsvallagata
Miklabraut – Skeiðarvogur
Geirsgata – Tryggvagata
Geirsgata – Naustin – Steinbryggja

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri